



Smárinn - ípróttasvæði Breiðabliks

Ósk um endurskoðun á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-
2040 og deiliskipulagi Kópavogsdals.

Umsögn skipulagsfulltrúa

Forsendur
Ferill málsins
Umsgögn
Niðurstaða

2. ágúst 2023
Málsnúmer í one: 23061585

Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08.2026



1. Forsendur

Aðalskipulag Kópavogs 2019 til 2040 staðfest 28. desember 2021 gerir ráð fyrir íþróttasvæði, merkt (ÍÞ-4) og á aðalskipulagsuppdætti. Í greinargerð aðalskipulags er fjallað um íþróttasvæði 4 og tekið fram m.a. að vöxtur íþróttafélagsins Breiðabliks hafi verið mikill sérstaklega á liðnum áratug en iðkendafjöldi hefur nær fjórfaldast frá 2010. Allt bendir til þess að þessi þróun haldi áfram. Þar er tvennt sem vegur þungt, aukin íþróttaiðkun þá bæði ungra iðkenda en ekki síður eldri iðkenda sem og fjölgun íbúa á áhrifasvæði félagsins.

Tekið er fram að nauðsynlegt sé að félagið hafi svigrúm til að vaxa til framtíðar í Kópavogsdal og nágrenni. Gert er ráð fyrir að unnið verði deiliskipulag af svæðinu, ÍÞ-4, á grundvelli þarfagreiningar Breiðabliks þegar hún liggur fyrir. (Sjá fylgiskjal 1)

Kópavogsdalur frá Hafnarfjarðarvegi að Dalvegi 30 í austri var deiliskipulagður 1990 og deiliskipulag staðfest í sveitarstjórn 22. maí 1990 og hjá skipulagsstjóra ríkisins 9. ágúst 1990. Á þeim hluta deiliskipulagssvæðisins sem nær til íþróttasvæðisins hafa verið gerðar breytingar sem staðfestar voru 8. júlí 2013, 28. júní 2016 og 23. maí 2019. (Sjá fylgiskjal 2)

2. Ferill máls

Bæjarstjóra, Ásdísi Kristjánssdóttur og formanni bæjarráðs, Orra Hlökkvarssyni, barst bréf dags. 19. júní 2023 frá Ásgeiri Baldurssyni, formanni Breiðabliks, þar sem m.a. óskað er eftir því að fá að hefja vinnu við endurskoðun á íþróttasvæði ÍÞ-4 með það að leiðarljósi að leggja fram vinnslutillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir svæðið. Skipulagstillagan muni miða að því að uppbygging innviða fyrir svæðið verði á sem sjálfbærastan hátt með sem minnstum tilkostnaði fyrir sveitarfélagið. Uppbygging verði hagkvæm og miðist við að heildar uppbyggingaráform íþróttasvæðisins uppfylli þarfagreiningu félagsins með hagnýtri ráðstöfun lands og landnotkunar. (Sjá fylgiskjal 3)

3. Umsögn skipulagsdeildar

3.1

Á fundi bæjarráðs 22. júní 2023 var lagt fram erindi frá formanni Breiðabliks með ósk um endurskoðun á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 og deiliskipulagi íþróttasvæðis Breiðabliks í Smáranum (ÍÞ-4). Bæjarráð samþykki að vísa málinu til umsagnar skipulagsfulltrúa.

Umsögn 3.1

Í umsögn sem hér fer á eftir er aðeins fjallað um þann þátt í erindi Breiðabliks frá 19. júní sl. sem snýr að skipulagslegum forsendum aðal- og deiliskipulags eins og talið er hér að ofan í forsendum.

Þar sem sjálf deiliskipulagstillagan liggur ekki fyrir né áætlanir um hagkvæmni, sjálfbærni eða tilkostnað verður ekki fjallað um þá þætti í umsögn þessari.

Með vísan í fylgiskjal 1 hér að neðan og meginmarkmiðum í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 eins og tilgreint er í forsendum hér að ofan má búast við verulegri uppbyggingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis í Digranesi, Kársnesi og Smáranum.

Spurningunni um hvernig fyrirhugaðri uppbyggingu og áfangaskiptingu á íþróttasvæðinu sé háttað verður aðeins svarað í áframhaldandi skipulagsvinnu með ýtarlegri rannsókn, söfnun upplýsinga, gagna og hönnun mannvirkja.

Í 5. mgr. 12 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er tekið fram að við gerð skipulagsáætlana skuli gera grein fyrir umhverfisáhrifum áætlunar og einstakra stefnumiða hennar, m.a. með samanburði þeirra valkosta sem til greina koma og umhverfismati áætlunarinnar.



M.a. er tekið fram að þá skuli skipulagstillaga kynnt með þeim valkostum sem gerð er grein fyrir í umhverfismati framkvæmdar. Meta skal m.a. líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásýnd, útsýni hljóðvist, loftgæði, og svipmót byggðar.

Í 4. mgr. 40. gr. sömu laga er tekið fram að áður en tillaga að deiliskipulagi er tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn skal tillagan, forsendur hennar og umhverfismat kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt.

Í áframhaldandi skipulagsvinnu þarf með vísan í ofangreind skipulagslög að meta áhrif fyrirhugaðra breytinga á umhverfið og gera ýtarlegra þarfagreiningu og SVÓT greiningu sem er greinandi aðferð sem er notuð til að gera skoðun og flokkun á innri og ytri áhrifaþætti svo sem þarfir Kópavogsbæjar og þarfir hverfisins.

3) Niðurstaða skipulagsfulltrúa 2. ágúst 2023:

Mat skipulagsfulltrúa er að deiliskipulagsáætlanir sem þegar hafa verið samþykktar og eru væntanlegar á Kársnesi, Digranesi og Smáranum styrki rök Breiðabliks um uppbyggingu íþróttasvæðisins.

Í komandi skipulagsvinnu þarf að byrja á að skoða sérstaklega hvernig fyrirhugaðar hugmyndir um uppbyggingu á skipulagssvæðinu falla að aðliggjandi byggð og yfirbragði Kópavogsdals hvað varðar stærð og hlutföll, umferð, bílastæðapörf, útsýni og skuggamyndun og forðast að veruleg íþyngjandi umhverfisáhrif verði af skertu útsýni eða skuggavarpi yfir á nærliggjandi íbúðalóðir. Hefja þarf samhliða hönnun mannvirkja, vinnu við gerð umhverfismats áætlana og gera ýtarlega þarfagreiningu.


Með hliðsjón af markmiðum Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 um að unnið verði markvisst að því að íbúar bæjarins geti notið sín við íþróttaiðkun og útivist í sínu hverfi og að skapaðar verði aðstæður fyrir alla aldurshópa til heilsuræktar, íþrótt- og tómstundarstarfs og markmiðum skipulagslaga um að þróun byggðar og landnotkunar í samræmi við skipulagsáætlanir þar sem efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir íbúa, heilbrigði þeirra og öryggi er haft að leiðarljósi er það mat skipulagsdeildar að tímabært sé að hefja og heimila skipulagsvinnu við að breyta gildandi deiliskipulagi Kópavogsdals. Lögð verði áhersla á vandaða hönnun og efnisval m.a. hvað varðar frágang mannvirkja, opinna svæða, gróður, lýsingu, göngu- og hjólaleiðir svo og yfirborð gatna og stíga. Í framhaldi þess verður skoðað hvort áætlanir deiliskipulags séu í samræmi við gildandi aðalskipulag eða hvort gera þurfi breytingar á því.

Lagt er til að unnin verði greinargerð sem lýsir vel breytingunni, forsendum hennar, samráði við hagsmunaaðila og íbúa, samræmi við aðalskipulag og telja upp þau rök sem liggja til grundvallar fyrirhugaðrar breytingar. Lagt er til að byggingaráform verði lögð fyrir skipulagsráð áður en tillagan er fullmótuð.


Fyrirvari er gerður um framvinndu skipulagsvinnu vegna mikilla anna hjá skipulagsdeild.



Fylgiskjal 1




Fylgiskjal 2



Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026



Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Kópavogsdals, gervigras og flóðlýsing á Kópavogsvelli





RAFRÆNT UNDIRRITUN
Jóhann Asgeir Baldurs
Kt. 1711725439
Dags. 19.6.2023 16:56:19
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITUN
Jóhann Asgeir Baldurs
Kt. 1711725439
Dags. 19.6.2023 16:56:19
Ástæða: Undirritun



Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

19.6.2023

Ásdís Kristjánsdóttir
Bæjarstjóri Kópavogsbæjar

Orri Hlöðversson
Formaður bæjarráðs Kópavogs

Efni:

Ósk um endurskoðun á Aðal- og deilisskipulagi á íþróttasvæði Breiðabliks í Smáranum (Íþ-4)

Ágætu forsvarsmenn Kópavogs

Öflugt og gott íþróttastarf er nú þegar í Kópavogi sem sést vel í vexti íþróttafélaga í bænum þar sem iðkendum fjölga mikið á öllum aldri. Aukin þátttaka iðkenda og fjölbreytt þjónusta íþróttafélaga ásamt aukinni vakningu í lýðheilsuáðálum kallar á framþróun og uppbyggingu aðstöðu til íþróttaiðkunar.

Breiðablik er eitt stærsta íþróttafélag landsins með tæplega 3.900 iðkendur í 12 deildum. Hjarta félagsins og meginstarfssemi er í Smáranum og þrátt fyrir stefnu félagsins að sinna vel íbúum alls bæjarfélagsins, þá er nauðsynlegt að félagið hafi svigrúm til að vaxa til framtíðar í Kópavogsdal og nágrenni með vísan í greinargerð Aðalskipulags Kópavogsbæjar 2019-2040 (Bls 146, sjá umfjöllun um íþróttasvæði Íþ-4)

Vöxtur félagsins hefur verið mikill, sérstaklega á liðnum áratug og fyrirséð að sú fjölgun muni halda áfram í kjölfar þeirrar miklu uppbyggingar á íbúðarhúsnæði sem fyrirhuguð er í nágrenni félagsins á næstu árum. Félagið telur það afar mikilvægt að það fái að skipuleggja félagssvæði sitt með sem bestum og fagmannlegustum hætti og hefur m.a. gert þarfagreiningu innan deilda félagsins um þróun starfs og áætlanir til framtíðar. Slík skipulagning væri gerð með það að markmiði að félagið sé betur í stakk búið að þjónusta núverandi og framtíðar iðkendur, sem fyrirséð er að muni fjölga mikið næstu áratugi.

Slík uppbygging er grundvöllur fyrir framþróun og öflugu íþróttastarfi sem sést vel í þeirri uppbyggingu sem hefur verið á íþróttaaðstöðu í sveitarfélaginu sem gefur hefur af sér íþróttafólk í fremstu röð og aðstöðu fyrir komandi kynslóðir til íþróttaiðkunar.

Í samræmi við umfjöllun um Íþ-4 í greinargerð Aðalskipulags Kópavogsbæjar 2019-2040 þar sem fram kemur að fleiri iðkendur kalla á stærra og endurskoðað athafnarsvæði til að Breiðablik geti vaxið áfram og dafnað óskar Breiðablik eftir því að fá að hefja vinnu við



endurskoðun á íþróttasvæði Íþ-4 með það að leiðarljósi að leggja fram vinnslutillögu að deiliskipulagi fyrir íþróttasvæði Íþ-4 og í kjölfarið deilisskipulag fyrir svæðið.

Skipulagstillagan muni miða að því að uppbygging innviða fyrir svæðið verði á sem sjálfbærastan hátt með sem minnstum tilkostnaði fyrir sveitarfélagið. Uppbygging verði hagkvæm og miðist við að heildar uppbyggingaráform íþróttasvæði Íþ-4 uppfylli þarfagreiningu félagsins með hagnýtri ráðstöfun lands og landnotkunar.

Virðingarfyllst,

f.h. Aðalstjórnar Breiðabliks

Ásgeir Baldurs, formaður Breiðabliks
(Rafræn undirritun)